



Ársskýrsla 2021



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu	3
Frá framkvæmdastjóra AH	3
Ávarp stjórnarformanns MS og Ísey	4
Frá forstjóra MS	5
Fulltrúar deilda Auðhumlu	6
Stjórn Auðhumlu	7
Verðlaunahafar 2021	8
Mjólkursamsalan ehf. 2021	9
Ísey útflutningur ehf. 2021	10
Tölulegar upplýsingar	11
Ársreikningur samstæðu 2021	13
Áritun óháðra endurskoðenda	14
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	16
Rekstrarreikningur ársins 2021	17
Efnahagsreikningur	18
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021	20
Yfirlit um eigið fé ársins 2021	21
Skýringar	22
Viðauki	34



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar
Ljósmyndir: Þórhildur Jónsdóttir, Kristjana Jónsdóttir og Þorsteinn Jónsson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson
Prentun: Prentmet Oddi

Ávarp stjórnarformanns Auðhumla

Ágúst Guðjónsson



Fæðuöryggi er hugtak sem oftast gleymist nokkuð hratt þegar allt leikur í lyndi. Með tilkomu Covid-19 hafa myndast aðstæður í heiminum sem engan hafði óráð fyrir. Fordæmalausar verðhækkningar á aðföngum og jafnframt hafa lönd bannað sölu á ýmsum varningi til annarra landa til að verja sinn hag. Þegar sól tók að hækka á lofti á nýju ári og Covid-fárið virtist vera að fjara út tók ekki betra við. Stríð hófst í Úkraínu sem hefur sett orkuverkaðinn og matvælaframleiðslu í algjört uppnám. Þessar undarlegu aðstæður, sem nú hafa myndast, leiða hugann að þeirri umgjörð sem íslenskur landbúnaður býr við þegar svona erfiðleikar stöðja að: Vanhugsaðir milliríkjasamningar af hálfu stjórnvalda og til að bæta gráu ofan á svart er eftirlit með þeim í molum. Það er síðan ótrúleg staðreynd að Ísland er eina landið í NV-Evrópu þar sem ekki eru almennar undanþágur frá samkeppnislögum fyrir landbúnaðinn. Nú er í undirbúningi landbúnaðarstefna fyrir Ísland af hálfu stjórnvalda og þar þurfa Bændasamtök Íslands og fyrirtækin í landbúnaði að koma þessum staðreyndum á framfæri með það að markmiði að fá þetta leiðrétt og íslenskur landbúnaður búi ekki við verri aðstæður en eru nú í nágrannalöndunum.

Mjólkurframleiðsla ársins 2021 var 148,9 milljónir lítra og dróst saman um 1,5% á milli ára. Sala á fitugrunni var 144,3 milljónir lítra en 123,6 milljónir lítra á próteingrunni þannig að próteinhallinn var rétt tæplega 21 milljón lítra. Próteinhallinn hefur bein tengsl við tvíhliða tollasamning sem var gerður haustið 2015 við ESB og tók gildi 1. maí 2018. Innflutningur mjólkurafurða hefur aukist um 25% síðan hann tók gildi og þá sérstaklega í ostum. Enda gefa þessir þrír tollasamningar, sem eru í gangi, aðgang að 12% af íslenska

ostamarkaðnum ef horft er á magn en 15% ef horft er á verðmæti Algengt magn þegar ríki eru að semja sín á milli varðandi ost er í kringum 2%. Lagt hefur verið í talsverða vinnu innan Mjólkursamsölunnar til að greina hvernig hægt er að auka verðmætin úr próteini sem selst ekki á innanlandsmarkaði. Afkastur þeirrar vinnu er kominn í ljós og ákveðið hefur verið að kaupa tækjabúnað til kaseinframleiðslu sem verður komið fyrir í ónýttu húsnæði á Sauðárkróki. Samhliða því verður dregið úr framleiðslu á undanrennuosti sem hefur gefið frekar lágt verð og verið selt á ótryggum mörkuðum. Síðustu fimm ár hefur landsframleiðsla á mjólk verið mjög stöðug. Það eru hins vegar ákveðnar blikur á lofti nú í upphafi árs 2022 þar sem framleiðslan hefur fallið um 2% miðað við fyrra ár. Þetta þarf að skoða mjög vel til að tryggja næga framleiðslu, bæði er hægt að kaupa umfram mjólk síðasta árs og eins þarf að huga að hvötum til handa bændum til að landsframleiðslan haldi sér.

Árið 2021 varð 932 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumla svf. en hagnaður upp á 357 milljónir króna árið áður. Þannig að hagnaður jókst um 574 milljónir á milli ára þrátt fyrir Covid-19. Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 56%. Hagræðingaraðgerðir síðustu ára hjá Auðhumla móðurfélaginu og hjá Mjólkursamsölnni hafa skilað sér í betri rekstri og eru þetta bestu rekstarár félaganna frá sameiningunni 2007. Það liggur fyrir að Mjólkursamsalan þarf að leggja í umtalsverðar fjárfestingar bæði á Selfossi og Akureyri til að fyrirtækið geti haldið áfram að þróa sig til að geta staðið áfram í fremstu röð. Með bættem hag myndast tækifæri til að ráðast í þessar fjárfestingar.

Nú stýttist í endurskoðun á búvörusamningnum. Ríkisvaldið gaf út umræðuskjal um íslenska landbúnaðarstefnu á síðasta ári og er ljóst að miðað við allar þær hugmyndir þarf ríkisvaldið að koma með auknið fjármagn inn í greinina. Þar kom margt ágætt fram en það er verulega umhugsunarvert ef það á að leggja niður alla framleiðslutengda styrki. Hvar eiga þá hvatarnir að liggja til að tryggja fæðuöryggi þjóðar sem hefur mikið verið til umræðu í kjölfar Covid-19 og stríðs í Úkraínu. Jafnframt hefur kolefnisspor kúabúa verið mikið í umræðunni og skjótvirkasta leiðin að árangri þar er aukin afurðasemi gripa en bændur fara væntanlega ekki að eltast við það ef það eru engir framleiðsluhvatar í kerfinu. Nauðsynlegt er að það verði búið svo um hnúta að hægt verði að stýra framleiðslunni bændum og mjólkuriðnaðinum til hagsbóta. Nú um stundir virðist vera mjög takmörkuð þekking í ráðuneytum landsins til að bera saman reiknaðan stuðning við landbúnað á milli einstakra landa. Þá hef ég séð þó nokkrar vísbendingar um að Ísland hafi dregist aftur úr þegar kemur að stuðningi við landbúnað. Það er því algjört lykilmáttíð að allar greinar landbúnaðarins sameinist um að þróa á ríkisvaldið um að alþjóðlegur samannburður varðandi reiknaðan stuðning við landbúnað liggja fyrir þegar endurskoðun búvörusamninga hefst.

Að lokum vil ég þakka kúabændum, starfsfólki, viðskiptavinum og stjórnum félaganna fyrir gott samstarf á árinu.

Frá framkvæmdastjóra AH Garðar Eiríksson

Árið 2021 nam innlögð mjólk alls 148,8 milljónum lítra. Tvær verðhækkningar urðu á árinu 2021. Þrátt fyrir Covid-19 tókst að halda uppí góðri sölu og starfsemi á innanlandsmarkaði. Útflutningur braggaðist seinni hluta ársins sem skilaði sér í uppbót á útfluttri mjólk umfram greiðslumark.

Það hafa orðið vatnaskil í rekstrinum og lausafjárstaðan batnaði er leið á árið. Meira jafnvægi í mjólkurframleiðslunni skilaði bættum rekstri auk þess sem hagræðingar á umliðnum misserum skila sér. Endurskipulagning lána hefur létt undir og lækkað kostnað. Bakfærð eftirlaunaskuldbinding skapar einskíptis tekjur að þessu sinni vegna fráfalls fyrverandi starfsmanns og er þá öllum slíkum skuldbindingum lokið.

Vegna Covid-samkomutakmarkana voru deildarfundir 2021 haldnir með rafrænum hætti í fyrsta sinn og heppnuðust vel. Aðalfund félagsins tókst að halda sem staðfund í júní en haustfundur fulltrúaráðsins var haldinn með rafrænum hætti í nóvember. Covid hefur litað starfið allt árið en þó án þess að trufla um of eða stöðva starfsemi. Gott samstarf hefur verið við framleiðendur vegna sóttvarna og allir lagt sitt af mörkum svo starfsemin gengi sem best fyrir sig.

Þó framleiðendum fækki og búin stækki er hlutverk Auðhumla jafnmikilvægt. Betri rekstrar- og lausafjárstaða skapar tækifæri til vaxtar og fjölgunar stöða undir rekstur félagsins.

Íslenskur landbúnaður á bjarta framtíð fyrir sér og mörg tækifæri, m.a. í ljósi loftlags- og umhverfismála og þá ekki síður með hollustu og gæði í huga. Stjórnvöld þurfa að vinna með íslenskum landbúnaði og treysta umgjörð hans, þannig að hægt verði að nýta þessi tækifæri á jákvæðan hátt, neytendum og þjóðinni allri til hagsbóta. Í ljósi stríðsástands í Úkraínu er þetta líklega aldrei jafnmikilvægt og nú.

Þakka færi ég mjólkurframleiðendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum fyrir góð samskipti á liðnu ári.



Ávarp stjórnarformanns MS og Ísey útflutnings ehf.

Elín M. Stefánsdóttir



Erna Bjarnadóttir fjallaði um matvælaöryggi í grein í Vísi í mars 2022. Þar segir hún að Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) fylgist náið með þróun matvælaframboðs og matvælaferðs í heiminum. Eitt stærsta áhyggjuefnið þar er hvernig brauðfæða má þær milljónir í heiminum sem reiða sig á matvælaaðstoð. Hvaðan á aukið fjármagn til að standa undir auknum kostnaði hjálparstofnana að koma? Sumir hafa engar áhyggjur af núverandi stöðu og halda því fram að við fáum allar þær vörur sem við þurfum þó þær kostuðu hugsanlega meira. Sannleikurinn er hins vegar því miður sá að hækkað matarverð hefur áhrif á fæðuöryggi allra í heiminum. Við í ríkasta hluta heimsins þurfum að líkindum ekki að horfast í augu við skort en sama verður ekki sagt um stóra hópa kvenna sem víðast bera ábyrgð á að koma mat á borð fjölskyldna sinna sem og fjölskyldna þeirra víðs vegar í heiminum.

Mjólkursamsalan hefur verið skilgreind sem þjóðhagslega mikilvægt fyrirtæki. Það var gert þegar Covid-faraldurinn var í hámarki og miklar takmarkanir voru í þjóðfélaginu um hversu margir mættu koma saman, þ.á.m. á vinnustöðum. Þá var talið að Mjólkursamsalan hefði mikilvægu hlutverki að gegna við að fæða þjóðina, bjarga verðmætum og halda uppi verðmætasköpun í landinu. Síðustu tvö ár hafa verið skrytin en við höldum að nú færu bjartari tímar í hönd en þá skellur á stríð í Evrópu með tilheyrandi hörmungum. Að sjálfsögðu

dettur mér ekki í hug að leggja að jöfnu þau áhrif, sem þetta stríð hefur á okkur hérna á Íslandi, við þær skelfilegu afleiðingar sem það hefur í þeim löndum þar sem það er háð. En óhjákvæmilega hefur það áhrif og þá er gott að dusta rykið af orðum eins og fæðuöryggi sem alla jafna gleymist mjög hratt þegar allt leikur í lyndi.

Mjólkursamsalan er eitt stærsta matvælafyrirtæki landsins og velti tæplega 32 milljörðum á síðastliðnu ári. Afkoma MS án hlutdeildarféлага var jákvæð upp á tæplega 450 milljónir fyrir skatta sem er ríflega 92% aukning á milli ára og EBITA hefur hækkað um tæplega 13% frá síðasta ári.

Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir Mjólkursamsöluna sem virkilega þarf að fara í fjárfestingar til viðhalds og endurnýjunar.

Þegar er hafinn undirbúningur að stækkun á Akureyri og Selfossi og þar verður farið í að endurnýja tæki til duftgerðar sem komin eru til ára sinna. Einnig er hafinn undirbúningur að kaseinvinnslu á Sauðárkróki sem gefur okkur möguleika á að auka verðmæti umframpróteins sem verið hefur í kerfinu undanfarin ár.

Innanlandssala var í góðu jafnvægi og verðmætaukning var rúmlega 1,9 milljarðar, eða 7,2% á milli ára.

Erlenda starfsemin var færð í sjálfstætt félag árið 2020 og eignarhaldið fært frá MS til Auðhumlu og Kaupfélags Skagfirðinga í sömu eignarhlutföllum og eru í MS (AH 80% og KS 20%), þannig að síðastliðið ár er fyrsta heila árið þar sem afkoma Ísey er ekki inni í reikningum MS. Afkoma Ísey á síðasta ári var tæplega 127 milljónir og veltan tæplega 2.500 milljónir.

Í janúar síðastliðnum lét Ari Edwald af störfum sem framkvæmdastjóri Ísey. Við hans störfum hefur tekið tímabundið Einar Einarsson sem verið hefur starfsmaður Ísey og þar áður Mjólkursamsölunnar.

Eins og fyrr eru margar áskoranir fram undan, það þarf að undirbúa vel endurskoðun búvörusamninga sem fyrirhuguð er á næsta ári. Það er gríðarlega mikilvægt að stærsta afurðasölufyrirtæki bænda, sem þarf að standa undir og uppfylla skilyrði búvörusamninga með greiðslum til bænda, taki þátt í þeirri vinnu.

Að lokum þá þreystist ég ekki á því að segja: Samstaðan er okkar sterkasta vopn. Bændur mega ekki láta sundurlyndi skemma fyrir sér. Við erum öll í sama bátinum og mikilvægast er að við róum öll í sömu átt.

Góðar stundir,
Elín M. Stefánsdóttir

Frá forstjóra MS

Pálmi Vilhjálmsson



Í sambærilegri umfjöllun í ársskýrslu Auðhumla, sem skrifuð var á sama tíma árs í fyrra, beindist athyglin eðli máls samkvæmt mikið að faraldri vegna Covid-19-veirunnar. Ekki var sú hugsun ofarlega í huga greinarhöfundar þá að slíkar aðstæður myndu áfram ríkja á fyrri hluta árs 2022 – hvað þá að stríðsástand myndi ríkja í hluta Evrópu og þá með öllum þeim afleiðingum sem geta komið fram til skemmri og lengri tíma. Þetta eitt minnir okkur á að taka því aldrei sem gefnum hlut að við getum búið ávallt í jafntryggu og vernduðu umhverfi sem sú kynslóð, sem nú er að vaxa úr grasi, þekkir eingöngu. Við verðum ávallt að gæta að því sem þjóð að á endanum er hver sjálfum sér næstur.

Starfsemi Mjólkursamsölnunar

Á síðasta ári gekk starfsemi Mjólkursamsölnunar vel undir krefjandi aðstæðum. Þeim aðstæðum hefur áður verið lýst og því ekki ástæða að rekja það nánar hér. Covid-faraldurinn náði, sem betur fer, ekki að trufla starfsemi Mjólkursamsölnunar á afgerandi hátt. Afkoma félagsins var sú besta sem náðst hefur frá stofnun þess 2007. Það er grundvöllur þess að hægt verði að endurnýja vélbúnað og aðstöðu fyrirtækisins og leggur einnig grunn að nauðsynlegri nýsköpun og þróun starfseminnar. Nýsköpunin tekur helst til nýjunga í vöruflóru MS á innanlandsmarkaði en einnig í framleiðslu nýrra vöruflokka til útflutnings. Með því eiga að vinnast nýir og traustari markaðir sem geta skilað betra verði fyrir próteinhluta greiðslumarksmjólkur, sem og fyrir umfram mjólk, sem nauðsynlega þarf að ákveðnu marki hverju sinni til að tryggja heildarframleiðslu fyrir innanlandsmarkað.

Kynnt hefur verið á félagsfundum bænda að fyrirhugað er að hefja framleiðslu á kaseini sem er framleiðsluvara sem seld er á heimsmarkaði. Það er mikilvægt þar sem stór hluti undanrennu, úr bæði próteinhluta greiðslumarks- og umfram mjólkur, fer til framleiðslu á Undanrennuosti sem seldur hefur verið til bæði Úkraínu og Tyrklands en Undanrennuostur er ekki með

skráð viðskipti á heimsmarkaði. Auk þess er í þessum löndum almennt óstöðugt stjórnarfar og við það bætast stríðsátök sem nú ríkja í Úkraínu. Slíkar markaðsaðstæður eru áhættusamar og óásættanlegar fyrir starfsemi mjólkuriðnaðarins og kúabændur.

Með batnandi afkomu Mjólkursamsölnunar frá árinu 2018, þar sem niðurstaða ársins 2021 var sú besta í sögu félagsins frá stofnun þess 2007, skapaðist grunnur til nauðsynlegrar endurfjármögnunar fyrirtækisins. Þeirri endurfjármögnun er lokið og grunnur að verkefnum í framkvæmdum félagsins þar með lagður. Fyrirhugað er að klára nauðsynlega endurnýjun búnaðar og þ.m.t duftgerð á Selfossi og setja upp nýja kaseinvinnslu sem staðsett verður á Sauðárkróki en í framhaldinu verður sambærileg framleiðsla sett upp á Akureyri að lokinni stækkun á húsnæð MS þar. Á Selfossi og Akureyri er fyrirhugað að byggja við og stækka þar með húsnæði sem samtals nemur um 12 – 14 þúsund fermetrum. Þessi viðbót á þessum stöðum er bæði nauðsynleg, löngu tímabær og mun auk þess kalla fram sparnað í rekstri félagsins. Undirbúningur og skipulag allra þessara verkefna er þegar hafinn en mislangt kominn enda ólíkar framkvæmdir.

Straumhvörf í hagsmunagæslu í landbúnaði

Á undanförunum tveimur árum hefur hagsmunagæsla í landbúnaði verið fyrirferðarmikil bæði í umræðu sem og í framkvæmd. Mest hefur borið á því sem tengist innflutningmálum landbúnaðarvara. Þar hafa verkefni og umræðan snert bæði tollmeðferð landbúnaðarvara og opinbera skráningu á magni landbúnaðarvara sem flutt er inn í landið skv. Hagstofu Íslands og þá í samanburði við það magn sem skráð er út úr ESB til útflutnings hingað til lands. Það er vægt til orða tekið að segja að þar hefur munað miklu hvað magn varðar. Á þessu tímabili hafa þessi mál komið til kasta Fjármálaráðuneytis, Atvinnuvegaráðuneytis, skatta- og tollayfirvalda, yfirskattanefnd, Héraðsdóm, Landsrétt, Alþingi og Ríkisendurskoðun. Allt það ferli leiddi af

sér þá niðurstöðu að málf lutningur, sem hófst og byggði á vinnu og gögnum á vegum Mjólkursamsölnunar fyrir réttum tveimur árum, var staðfestur réttur. Leiðin að þessari niðurstöðu var löng og ströng, dýr en dýrmæt fyrir bændur. Jafnframt undirstrikaði hún að það má aldrei gefast upp og leggja árar í bát – auk þess sem samstaða í landbúnaði sýndi hversu miklu hún getur komið til leiðar.

Þann 30. mars 2022 komu saman fulltrúar stærstu fyrirtækja í landbúnaði á Íslandi og stofnuðu Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SFL).

Á síðustu tveimur áratugum hefur umhverfi íslenskra bænda og íslenskra landbúnaðarfyrirtækja versnað mjög mikið í samanburði við þá aðstöðu og umgjörð sem sambærilegum aðilum er búin annars staðar í Evrópu.

Meginástæðan fyrir stofnun samtakanna er sú brýna nauðsyn að bregðast við þessari þróun og að fyrirtæki í landbúnaði eigi aðild að hagsmunasamtökum sem geti verið í forsvari gagnvart stjórnvöldum í málum sem snerta þeirra hagsmuni. Að samtökunum standa fyrirtæki úr öllum búgreinum landbúnaðarins. Verkefni samtakanna munu auk framangreinds felast í umræðu um starfsumhverfi og starfsskilyrði landbúnaðar, t.d. með hliðsjón af nýrri löggjöf. Einnig að efla samkeppnishæfni landbúnaðar, nýsköpun, rannsóknir og menntun. Félagið mun m.a. einbeita sér að málum er varða drög að nýrri landbúnaðarstefnu fyrir Ísland en ljóst er að hin nýja stefna mun hafa veruleg áhrif á komandi árum.

Ég vil þakka bændum, stjórn og stjórnendum MS svo og öllum starfsmönnum á starfsstöðvum MS fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnu ári.

Pálmi Vilhjálmsson,
forstjóri Mjólkursamsölnunar

Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 29. apríl 2021

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.: Björgvin Gunnarsson Núpi
Jón Elvar Gunnarsson Breiðavaði

Varafultr.: Auðbjörg Elísa Steinþórsdóttir Hvannabrekku
Jón Steinar Elísson Hallfredarstöðum

Varafultr.: Ragnhildur Sævarsdóttir Hjálmsstöðum
Jón Bjarnason Skipiholti
Daníel Pálsson Hjálmsstöðum
Eiríkur Jónsson Gýgjarhólskoti
Þórunn Andrésdóttir Bryðjuholti
Tómas Sturlaugsson Króki

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Birgir Ragnarsson Flatey

Varafultr.: Sæmundur Jón Jónsson Árbæ

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.: Haraldur Einarsson Urriðafossi
Anne B. Hansen Smjörðölum
Stefán Geirsson Gerðum

Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Magnús Sigurjónsson Pétursey I
Jóhannes Gissurarson Herjólfstöðum

Varafultr.: Bjarni Bjarnason Hraunkoti
Gunnar Þormar Þorsteinsson Vatnskarðshólum

Varafultr.: Fanney Ólafsdóttir Hurðarbaki
Reynir Jónsson Hurðarbaki
Ragnar Sigurðsson Litla-Ármóti

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.: Magðalena Jónsdóttir Drangshlíðardal
Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir Stóru-Mörk

Varafultr.: Berglind Hilmarsdóttir Núpum 3
Sigríður Björk Ólafsdóttir Fit

Aðalfulltr.: Lilja Guðrún Eypórsdóttir Vestra-Reyni
Ásthildur Skjaldardóttir Bakka

Varafultr.: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir Miðdal
Hafþór Finnborgason Miðdal

Landeyjadeild

Aðalfulltr.: Rafn Bergsson Hólmahjáleigu
Karel Geir Sverrisson Seli

Varafultr.: Erna Árfells Berjanesi
Gardar Guðmundsson Hólmi

Aðalfulltr.: Egill Gunnarsson Hvanneyri

Varafultr.: Magnús Þór Eggertsson Ásgarði

Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.: Guðmundur Ómar Helgason Lambhaga
Þórir Már Ólafsson Bollakoti

Varafultr.: Birkir Arnar Tómasson Móeiðarhvoli

Aðalfulltr.: Laufey Bjarnadóttir Stakkhamri
Kristján Á Magnússon Snorrastöðum
Helgi Ólafsson Þverholtum
Halldór J. Gunnlaugsson Hundastapa

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltr.: Hannes Ólafsson Austvaðsholti
Ágúst Sæmundsson Bjólu

Varafultr.: Egill Sigurðsson Berustöðum
Daníel S. Ólafsson Guttormshaga

Varafultr.: Þróstur Aðalbjarnarson Stakkhamri
Sigurbjörg Ottesen Hjarðarfelli

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.: Guðstaf Jökull Ólafsson Miðjanesi
Sigrún Sigurðardóttir Lyngbrekku 2

Varafultr.: Árni Brynjólfsson Vöðlum
Nanna Jónsdóttir Efri-Rauðsdal

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.: Bragi Viðar Gunnarsson Túnsbergi 1
Óttar Bragi Þráinsson Miklaholti
Jórunn Svavarsdóttir Drumboddsstöðum
Kristján Valur Sigurjónsson Kotlaugum
Bjarni Másson Stóru-Mástungu 1
Samúel U. Eyjólfsson Bryjuholti

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Valgerður Kristjánsdóttir Mýrum III
Guðný Helga Björnsdóttir Bessastöðum

Varafultr.: Sigurður Kjartansson Hlaðhamri
Ármann Pétursson Neðri-Torfustöðum

Stjórn Auðhumlu



Efri röð f.v.: Óttar Bragi Þráinsson, Þórunn Andrésdóttir, Elín M. Stefánsdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.
Neðri röð f.v.: Garðar Eiríksson, Jóhanna Hreinsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Björgvin R. Gunnarsson.

Starfssvæði Auðhumlu



Formaður

Ágúst Guðjónsson, Læk

Varaformaður

Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti

Ritari

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti

Meðstjórnendur

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Björgvin R. Gunnarsson, Núpi
Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti

Varamenn

Linda B. Ævarsdóttir, Steinnyjarstöðum
Haraldur Magnússon, Belgsholti
Anne B. Hansen, Smjördölum

Skoðunarmenn

Haraldur Einarsson, Urriðafossi
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

■ Starfssvæðið

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Sigurður Magnússon
Ingibjörg Sigurðardóttir

Hnjúki
Auðólfstöðum

Varafultr.: Hermann Ingi Gunnarsson
Kjartan Smári Stefánsson
Haukur Marteinnsson
Dagbjört Jónsdóttir
Baldur Helgi Benjamínsson
Kristín Hermannsdóttir
Trausti Þórisson
Stefán Magnússon

Klauf
Múla
Kvíabóli
Sökku
Ytri-Tjörnum
Merkigili
Hofsá
Fagraskógi


Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Ásta Pétursdóttir
Guðmundur Óskarsson
Geir Árdal
Hákon Harðarson
Aðalsteinn Hallgrímsson
Berglind Kristinsdóttir
Vaka Sigurðardóttir
Þórir Nielsson
Sif Jónsdóttir
Friðgeir Sigtryggsson
Aðalsteinn Hreinsson

Hranastöðum
Hríshóli
Dæli
Svertingsstöðum 2
Garði
Hrafnagili
Dagverðareyri
Torfum
Laxamýri
Breiðumýri
Auðnum

Alls 46 fulltrúar

Verðlaunahafar 2021



Innl.úmer	Nafn	Heimili	Deild
20211	Egilsstaðakot ehf.	Egilsstaðakoti	Flóa- og Ölfusdeild
20313	Gisli Hauksson og Jónína Einarsdóttir	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ölfusdeild
20321	Ragnar F. Sigurðsson og Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti	Flóa- og Ölfusdeild
20511	Ólafur Ingi Sigurmundsson og Anna Gísladóttir	Eyði-Sandvík	Flóa- og Ölfusdeild
20608	Samúel U. Eyjólfsen og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti,	Uppsveitadeild
20628	Jóhann Kormásson og Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	Uppsveitadeild
20674	Grænagerði ehf	Miðfelli 1	Uppsveitadeild
22208	Búið & gert ehf	Stóru-Mástungu	Uppsveitadeild
22221	Bolette Höeg Koch	Hæli 1	Uppsveitadeild
22242	Ásar og Móar ehf.	Ásum	Uppsveitadeild
20948	Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárdeild
21354	Erla Hliðversdóttir	Sámsstöðum	Fljótshl., Hvals- og Rangárvalladeild
21958	Katrín Viðarsdóttir og Sigurður Ottósson	Ásólfsskála	Eyjafjalladeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
30131	Hvanneyrarbúið ehf	Hvanneyri	Borgarfjarðardeild
30187	Mjólk og menn ehf	Gunnlaugsstöðum	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30459	Haukur Gunnlaugsson og Hrefna Hreiðarsdóttir	Hrauntúni	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30510	Laufey Bjarnadóttir og Þróstur Aðalbjarnarson	Stakkhamri	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
35180	Kjartan Jóseppson	Nýju Búð	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
36306	Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson	Bakka	Hvalfjarðardeild
36406	Miðdalsbúið ehf.	Miðdal	Hvalfjarðardeild
47225	Félagsbúið Stað sf.	Stað	Breiðafjarðardeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
58511	Pétur Sigvaldason	Neðri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58613	Ásgeir Sverrisson	Brautarholti	Vestur-Húnaþingsdeild
60002	Heimavöllur ehf	Hvammi 2	Norðausturdeild
60008	Helgi Þórsson og Beate Stormo	Kristnesi	Norðausturdeild
60054	Hulda Sigurðardóttir	Stekkjjarflötum	Norðausturdeild
60089	Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir	Villingadal	Norðausturdeild
60234	Stóri-Dunhagi ehf.	Stóra-Dunhaga	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson og Dagbjört Jónsdóttir	Sökku	Norðausturdeild
60516	Karl Ingi Atlason	Hóli	Norðausturdeild
60518	Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K. Karlsson og Sigurbjörg Einarsdóttir	Hóli	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf	Vogum	Norðausturdeild
68620	Steinþór Heiðarsson	Ytri-Tungu	Norðausturdeild

Fjöldi: 37

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins auk þess sem:

a) Hámark frumutölu í mánuðinum sé 200 þúsund frumur/ml eða lægra, mælt og reiknað sem faldmeðaltal.

b) Hámark líftölu í mánuðinum sé 20.000 ein/ml, mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins.

c) Hámark frírra fitusýra sé 0,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðar.

Mjólkursamsalan ehf. 2021



Efri röð f.v.: Pálmi Vilhjálmsson, Óttar Bragi Þráinsson, Þórunn Andrésdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.
Neðri röð f.v.: Sigurjón Rúnar Rafnsson, Þórólfur Gíslason, Elín M. Stefánsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Björgvin R. Gunnarsson.

Stjórn Mjólkursamsölnunar skipa

Elín M. Stefánsdóttir formaður
Þórólfur Gíslason varaformaður
Ágúst Guðjónsson meðstjórnandi
Þórunn Andrésdóttir meðstjórnandi
Ásvaldur Ævar Þormóðsson meðstjórnandi

Varamenn

Jóhann Hreinsdóttir
Björgvin R. Gunnarsson
Sigurjón Rúnar Rafnsson

Forstjóri

Pálmi Vilhjálmsson

Endurskoðendur

Deloitte ehf.
Benóní Torfi Eggertsson
Árni Þór Vilhelmsson

Rekstur

Tekjur innanlands voru áætlaðar 29.612 milljónir króna fyrir árið 2021 en raunsalan endaði í 29.646 milljónum króna, eða 35 milljónum króna umfram áætlun, eða 0,12%. Tekjuaukning frá árinu 2020 var 1.751 milljón króna, eða um 5,1%. Seld voru 2.365 tonn af viðbiti, 6.075 tonn af ostum og 1.179 tonn af dufti. Einnig voru seldir 39 milljónir lítra af ferskvörum.

Á árinu 2021 var 399 milljóna króna hagnaður af rekstri félagsins sem er hækkun upp á 118 milljónir frá árinu áður. Í árslok 2021 á Auðhumla 80% hlut í félaginu en Kaupfélag Skagfirðinga 20% hlut.

Heildareignir Mjólkursamsölnunar voru í árslok 2021 16.779 milljónir króna og eigið fé var 8.510 milljónir króna og samsvarað það 50,7% eiginfrjárlutfalli.

Stöðugildi á árinu 2021 voru 415 og fækkaði um 3,5% á milli ára. Starfsemin fer fram á fimm starfsstöðvum um allt land.

Hagræðing hjá félaginu undangengin ár hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks sem það verðskuldar þakkir fyrir.

Ísey útflutningur ehf. 2021



Samstarfsaðilar Ísey útflutnings ehf.



Einar Einarsson forstjóri

Stjórn Ísey útflutningur ehf.

Elín M. Stefánsdóttir formaður
Ágúst Guðjónsson
Sigurjón Rúnar Rafnsson
Einar Einarsson forstjóri (frá 1. janúar 2022)

Endurskoðendur

Deloitte ehf.
Benóní Torfi Eggertsson
Árni Þór Vilhelmsson

Rekstrartekjur ársins 2021 voru tæpar 2.500 milljónir sem er tæplega 17% aukning frá fyrra ári. Rekstrarhagnaður ársins var rúmar 196 milljónir en var rúmar 218 milljónir fyrir árið 2020. Ástæða þess að hagnaður dregst líttilega saman á milli ára er fyrst og fremst lægri framlegð vegna skyrölu frá Danmörku. Miklar verðhækkningar á aðföngum áttu sér stað seinni hluta ársins sem ekki var skilað að fullu í söliverð. Það er ljóst að allar líkur eru á að verð á mörkuðum fyrir hrávöru, mjólk, umbúðir, flutninga og fleira muni halda áfram að hækka og mikilvægt að Ísey útflutningur nái að koma þeim hækkunum í söliverðið. Bókfært eigið fé í árslok 2021 var tæpar 424 milljónir, eða rúmlega 55%.

Alls seldu samstarfsaðilar Ísey útflutnings ehf. 19.625 tonn af skyr á árinu 2021 sem er aukning um 2.000 tonn frá fyrra ári. Mest aukning var í Bandaríkjunum, eða um 800 tonn, en einnig jókst salan í Frakklandi og Hollandi um samtals 660 tonn og í Finnlandi og Sviss um 350 tonn. Áætlanir miða að því að salan á árinu 2022 verði 23.757 tonn og er gert ráð fyrir mestri aukningu í Bandaríkjunum, Frakklandi, Hollandi og Japan.

Framleiðsla á Ísey skyr hófst í lok árs 2021 á Nýja-Sjálandi eftir miklar tafir vegna kórónuveirufaraldurs-


ins. Dreifing og sala í verslanir þar í landi hófst í byrjun árs 2022 og í framhaldi í Ástralíu. Vonir standa til þess að framleiðsla á Ísey skyr hefst á fyrri hluta árs 2022 í skyrverksmiðjunni í Wales og mun framleiðsla fyrir Bretlandsmarkað þá flytjast þangað. Einnig er unnið að uppsetningu á skyrverksmiðju í Kína og gæti framleiðsla þar hafist á næsta ári. Mikil áhersla er lögð á að auka útflutning á skyr frá Íslandi og hófust í lok síðasta árs tilraunir á sölu á Ísey skyr, sem framleitt er á Selfossi, í tveimur verslanakeðjum í Þýskalandi. Þýskaland er stór markaður og þar ríkir mikil samkeppni við bæði aðrar skyrtegundir og jógúrt en vonir eru bundnar við gott gengi Ísey skyr og að varan nái þar föttestu. Vert er að hafa í huga að til að slíkt megi verða þarf fjármagn, þolinmæði og þrautseigju.

Rekstur Ísey útflutnings ehf. skilaði góðri afkomu á árinu 2021 þrátt fyrir margar áskoranir í umhverfinu. Kórónuveirufaraldurinn hefur haft töluverð áhrif hvort sem lítið er til innkomu á nýja markaði eða verðhækkana á aðföngum. Nú þegar ljóst er að faraldurinn er í rénun taka aðrar áskoranir við og mun innrás Rússa í Úkraínu væntanlega hafa töluverð áhrif á starfsemi Ísey útflutnings þar sem allar líkur eru á að framhald verði á verðhækkunum síðustu missera.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2021 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2021 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2021 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2021 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

Árið 2021	Árið 2020	Breyting 2021-2020	
		Lítrar	Hlutfall
10.648.197	11.482.210	-834.013	-7,26%
10.439.389	11.087.667	-648.278	-5,85%
12.448.239	12.231.799	216.440	1,77%
11.801.922	12.135.409	-333.487	-2,75%
12.075.058	12.387.736	-312.678	-2,52%
11.858.431	12.546.633	-688.202	-5,49%
11.537.211	11.770.662	-233.451	-1,98%
10.964.847	10.762.908	201.939	1,88%
10.068.532	10.172.955	-104.423	-1,03%
9.714.454	9.977.011	-262.557	-2,63%
10.083.742	9.753.409	330.333	3,39%
10.456.967	10.545.986	-89.019	-0,84%
132.096.989	134.854.385	-2.757.396	-2,04%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2021	Árið 2020	Breyting 2021-2020	
		Lítrar	Hlutfall
11.970.526	12.781.216	-810.690	-6,34%
11.746.105	12.407.793	-661.688	-5,33%
13.965.555	13.667.643	297.912	2,18%
13.252.942	13.576.797	-323.855	-2,39%
13.570.460	13.832.282	-261.822	-1,89%
13.393.059	14.040.373	-647.314	-4,61%
13.073.968	13.197.378	-123.410	-0,94%
12.407.437	12.116.295	291.142	2,40%
11.368.782	11.472.550	-103.768	-0,90%
10.946.289	11.242.594	-296.305	-2,64%
11.349.840	10.939.324	410.516	3,75%
11.782.785	11.905.903	-123.118	-1,03%
148.827.748	151.180.148	-2.352.400	-1,56%

Tölulegar upplýsingar



Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2021 AH og KS

Skýringar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	128.681.297	3.415.692	132.096.989
Mjólkursamlag KS	16.287.601	443.158	16.730.759
Heimavinnsla	31.102		31.102
Samtals Auðhumla og KS	145.000.000	3.858.850	148.858.850

Heimild: Atvinnuvegaráðuneytið og aðildarfélag SAM

Fjöldi innleggjenda í árslok í deildum 2021 og 2020

Heiti deildar	31.12. 2021	31.12. 2020	Mismunur
Austurlandsdeild	18	20	-2
A-Skaftafellsdeild	7	7	0
V-Skaftafellsdeild	21	21	0
Eyjafjalladeild	16	17	-1
Landeyjadeild	24	24	0
Fljótshlíðar-, Hvolts- og Rangárvalladeild	14	15	-1
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	17	17	0
Uppsveitadeild	63	65	-2
Flóa- og Ölfusdeild	35	35	0
Hvalfjarðardeild	20	20	0
Borgarfjarðardeild	10	16	-6
Snæfellsnes- og Mýradeild	37	37	0
Breiðafjarðardeild	24	25	-1
Vestur-Húnaþingsdeild	16	17	-1
Austur-Húnaþingsdeild	24	26	-2
Norðausturdeild	126	128	-2
Alls Auðhumla	472	490	-18

Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðal- fita 2021	Meðal- fita 2020	Meðal- prótein 2021	Meðal- prótein 2020
Austurlandsdeild	4,20	4,22	3,42	3,39
A-Skaftafellsdeild	4,28	4,22	3,36	3,35
V-Skaftafellsdeild	4,27	4,27	3,40	3,39
Eyjafjalladeild	4,22	4,26	3,35	3,36
Landeyjadeild	4,19	4,21	3,35	3,35
Fljótshlíðar-, Hvolts- og Rangárvalladeild	4,23	4,22	3,33	3,35
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,24	4,27	3,39	3,41
Uppsveitadeild	4,24	4,29	3,35	3,36
Flóa- og Ölfusdeild	4,25	4,29	3,34	3,38
Hvalfjarðardeild	4,16	4,23	3,35	3,35
Borgarfjarðardeild	4,22	4,26	3,37	3,38
Snæfellsnes- og Mýradeild	4,23	4,27	3,35	3,35
Breiðafjarðardeild	4,17	4,18	3,39	3,38
Vestur-Húnaþingsdeild	4,23	4,26	3,37	3,39
Austur-Húnaþingsdeild	4,16	4,18	3,37	3,37
Norðausturdeild	4,24	4,26	3,43	3,42
Auðhumla	4,23	4,26	3,40	3,41



Ársreikningur samstæðu 2021

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með samstæðuársreikning sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Auðhumlu svf. að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann, sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritundardag.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggð á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tíma-setningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 20. apríl 2022

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumla svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Haraldur Einarsson

Hannes Ólafsson

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur Auðhumla svf. fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi, sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Samstæðuársreikningur Auðhumla svf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaga félagsins sem eru átta. Mjólkursamsalan ehf. sem er framleiðslufyrirtæki, sem tekur við mjólk til framleiðslu á drykkjarmjólk, ostum, skyrri og fleiri mjólkurvörum. MS eignarhald ehf. heldur utan um eignarhald á Icelandic Provisions Inc. Ísey útflutningur ehf. lætur framleiða skyr í Danmörku undir vörumerkinu Ísey skyr og selur til Finnlands, Bretlands, Frakklands og Hollands auk þess að selja einkaleyfi á framleiðsluvörum félagsins. Bitruháls ehf. starfrækir sjálfvirka bílaþvottastöð fyrir stærri bíla í eigu Mjólkursamsölu ehf. Starfsemi Mjólkurbús Flóamanna ehf. er eignarhald á fasteignum og lóðum. Í Norðurmjólk ehf., Osta- og smjörslunni ehf. og Isey Skyr UK er engin starfsemi á árinu 2021.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2021	2020
Rekstrartekjur samstæðunnar námu	34.633.634	32.716.795
Hagnaður samstæðunnar nam	932.069	357.442
Fjöldi ársverka nam	427	447
	31.12. 2021	31.12. 2020
Eignir samstæðunnar námu	24.248.252	21.865.968
Bókfært eigið fé nam	13.842.839	11.931.412
Inneign í stofnsjóði nam	1.932.460	1.896.602
Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam	57,1%	54,6%

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 1.917 milljónir króna milli ára eða um 5,9%. Þessi hækking er tilkomin vegna verðhækkana og söluaukningar bæði á innanlandsmarkaði og erlendis. Hagnaður samstæðunnar er einnig að aukast á milli ára en samstæðan er að skila 932 milljóna króna hagnaði á árinu 2021 sem er hækking upp á 575 milljónir króna á milli ára en stjórnendur samstæðunnar eru búnir að vinna að því að bæta rekstur hennar með því að hagræða og lækka kostnað hjá samstæðunni en hluti af hækkingu hagnaðar er einkisþingtekjur vegna upplausnar á eftirlaunaskuldbindingu upp á 248 milljónir króna en vísar er í skýringu nr. 9 fyrir frekari upplýsingar. Stjórnendur samstæðunnar reikna með að starfsemi félagsins muni ekki breytast verulega að umfangi á næstu árum.

Þróun á fjárhagslegri stöðu samstæðunnar

Lausafjárstaða samstæðunnar hefur styrkst á milli ára og fjármagnsgjöld hafa lækkað. Engar verulegar lántökur áttu sér stað á árinu. Mjólkursamsalan ehf. undirbýr miklar fjárfestingar en til stendur að endurnýja tæki til framleiðslu á undarennuðufti á Selfossi og stækka húsnæðið þar. Að auki er hafin undirbúningur að stækkingu húsnæðis félagsins á Akureyri.

Meginmarkmið og stefna við áhættustýringu

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagnaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Nánari upplýsinga um fjármálagæringu og þá fjárhagslegu áhættu sem samstæðan býr við má finna í skýringu nr. 18.

Stofnsjóður og eigendur

Í lok árs er fjöldi félagsaðila 536 í stofnsjóði en þeir voru 542 í upphafi árs. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur 131,7 milljónum króna. Úr stofnsjóði voru greiddar 106 milljónir króna.

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að reiknaðir verði 5% vextir af höfuðstól stofnsjóðs miðað við stöðu hans í árslok 2021, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð sjö aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Auðhumla svf., sitja þrjár konur og fjórir karlmenn og uppfyllir því skilyrði um kynjahlutföll skv. 9. gr. samþykkt félagsins.

Góðir stjórnarhættir

Stjórn Auðhumla svf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sett fram. Auðhumla svf. hefur sett fram upplýsingar um stjórnarhætti í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið fylgir ekki að öllu leyti leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem þeim er ætlaðar einungum tengdum almannahagsmunum. Upplýsingar um stjórnarhætti er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir félagið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt er gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindarmálum ásamt öðru. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í viðauka við samstæðuársreikning.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumla svf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumla svf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. apríl 2022

Í stjórn

Ágúst Guðjónsson
stjórnarformaður

Jóhanna Hreinsdóttir

Þórunn Andrésdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Ástvaldur Þormóðsson

Björgvin R. Gunnarsson

Elín M. Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur	4	34.633.634	32.716.795
Aðrar tekjur		1.195.413	1.140.784
Kostnaðarverð seldra vara		(25.381.618)	(24.219.300)
Laun og launatengd gjöld	5	(4.832.714)	(4.697.724)
Annar rekstrarkostnaður		(3.325.070)	(3.025.989)
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.244.219)	(1.167.421)
Rekstrarhagnaður		1.045.426	747.145
Fjármunatekjur		13.930	19.338
Fjármagnsgjöld		(241.796)	(313.111)
	7	(227.865)	(293.773)
Hlutdeild í afkomu félaga		34.214	(5.181)
Hagnaður fyrir skatta		851.774	448.191
Tekjuskattur	8	(167.471)	(90.749)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		684.304	357.442
Lækkun líffeyrisskuldbindingar	9	247.765	0
Hagnaður ársins		932.069	357.442
Hagnaður ársins sem tilheyrir:			
Hlutdeild minnihluta		102.944	64.795
Hlutdeild Auðhumlu svf.		829.125	292.647

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	15.443.676	13.751.846
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	12	361.917	286.542
Eignarhlutar í öðrum félögum	13	517.298	394.027
Skuldabréfaeign		54.493	55.621
Krafa á tengda aðila	17	76.879	67.486
		16.454.264	14.555.522
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	14	4.191.767	4.200.394
Viðskiptakröfur		3.039.978	2.731.400
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar		2.577	9.369
Krafa á tengda aðila	17	51.109	15.825
Aðrar skammtímakröfur		270.807	227.947
Handbært fé		237.752	125.511
		7.793.988	7.310.446
Eignir		24.248.252	21.865.968

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé			
Stofnsjóður		1.932.460	1.896.602
Sérstakur endurmatsreikningur		3.806.868	3.589.835
Bundinn hlutdeildarreikningur		359.626	207.978
Lögbundinn varasjóður		331.515	316.883
Óráðstafað eigið fé		5.627.520	4.238.209
Eigið fé meirihlutaeigenda		12.057.990	10.249.506
Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðu		1.784.850	1.681.906
Eigið fé		13.842.839	11.931.412
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	15	4.389.637	3.810.752
Aðrar langtímaskuldir	15	117.458	66.370
Fjármögnunarleigusamningar		806.398	397.396
Lífeyrisskuldbinding		0	309.707
Tekjuskattskuldbinding	16	1.509.541	1.081.141
		6.823.034	5.665.367
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.371.830	2.136.031
Skuldir við lánastofnanir		134.037	931.363
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	42.478	208.745
Næsta árs afborganir fjármögnunarleigusamninga.....		92.844	272.792
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	37.807	36.169
Skuldir við tengd félög	17	28.768	29.666
Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga		331.254	72.966
Aðrar skammtímaskuldir		543.361	581.457
		3.582.379	4.269.189
Skuldir		10.405.413	9.934.556
Eigið fé og skuldir		24.248.252	21.865.968

